

## **Skólasóknarkerfi í 1. – 10. bekk fyrir Grunnskólann á Þórshöfn**

### **Verkferill – fjarvistir, seinkomur, ástundun**

Í upphafi hvers skólaárs eru allir nemendur með fullnægjandi skólasókn. Óstundvísi/seinkoma er eitt fjarvistarstig og óheimil fjarvist þrjú fjarvistarstig. Einkunn fyrir ástundun lækkar um 0,2 við hvert stig.

Skólasókn er sýnileg í Mentor. Umsjónarkennari sendir foreldrum mánaðarlega upplýsingar í tölvupósti um stöðu skólasóknar.

Á öllum þrepum ber að gæta jafnræðis og samræmis í viðbrögðum. **Taka skal tillit til aðstæðna og þarfa nemenda** og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.

Einkunn fyrir mætingar:

Seint: 1 stig

Fjarvist: 3 stig

Gleymd námsgögn: 1 stig

Heimavinnu/heimalestri ekki sinnt: 1 stig

Óvirkur: 0 stig

Truflun í tíma: 0 stig

Viðbrögð vegna ófullnægjandi ástundunar:

#### 1. þrep - Einkunn: 8,5

Umsjónarkennari ræðir við nemandann og hefur samband við foreldra.

#### 2. þrep - Einkunn: 7

Umsjónarkennari boðar foreldra til fundar ásamt skólastjóra/deildarstjóra.

#### 3. þrep - Einkunn: 5

Nemendaverndarráði greint frá stöðunni. Ráðið sendir tilkynningu til Barnaverndar ef þurfa þykir.